



Fréttabréf Garðasels

júní 2021



Sundnámskeið elstu barna

Sundnámskeið verður í Jaðarsbakkalaug fyrir elstu börnin á Vík. Hópnum verður skipt í tvo hópa og sér Anna um kennsluna þessa þrjá daga með aðstoð frá öðrum kennurum á Víkinni.

- 3. og 4. júní kl: 13.00 -14.00 og 8. júní kl: 9.30-10.30

Starfsfólk deildar mun fylgja hópnum og aðstoða í klefum og á bakka.

Sundnámskeiðið er hluti af áherslum leikskólans í hreyfingu.

Ráðgert er að hafa svo sunndag í Íþróttavíkinni sem er frá 9. – 15. Júní.



Íþróttavika



Dagana 9. -15. júní eru hinir árlegu íþróttadagar í Garðaseli og er tímasetning þeirra alla dagana kl: 9.00 -11.30. Viðfangsefnið tengjast hreyfingu og fjölbreytt viðfangsefni. Íþróttanefnd skipuleggur viðfangsefni dagana og verður því skipulagi komið til

foreldra í tölvupósti og á heimasíðu skólans.

Fræðsla um gildi og mikilvægi hreyfingar barna og tækifærin sem umhverfið býður upp á verður sett upp í forstofum deilda, foreldrum og börnum til hvatningar.

Útskrift elstu barna

Fimmtudaginn 10. júní kl: 15.00-16.00 verður útskrift elstu barna en óljóst er hvar hún fer fram og verður það auglýst síðar.

Í ár er fjöldi gesta takmarkaður og miðast við að einungis foreldrar mæti. 😊

Veitingar verða með einfaldara móti og taka mið af þeim tilmælum sem sett eru um mat / veitingar í skólum eða á sameiginlegum viðburðum.



Sumarlokun er frá 2. júlí kl: 14.00 .
Opnað þriðjudaginn 3. ágúst kl: 10.00

Sumarstarf deilda



Eftir hreyfivikuna tekur við sumarstarfið. Sumarstarfið sem er alla morgna og tímasetning starfsins verður kl: 9.00 -11.30 / 12.00.

Skipulag sumarstarfsins er í höndum hveurrar deildar fyrir sig.

Einn hópur verður eftir í leikskólanum og þau börn, sem koma eftir kl: 9.00 og hafa misst af hópnum sínum, fara þá inn í þann hóp sem er heima.

Deildir munu auglýsa vel ef eitthvað sérstakt stendur til þannig að allir geti verið komnir fyrir brottfarartíma 😊

Aðlögun og tilfærsla á milli deilda næsta skólaár

Tilfærsla barna á milli deilda verður strax eftir opnun.

Aðlögun nýrra nemenda hefst mánudaginn 10. ágúst en þá koma inn fjórir nýir nemendur sem fylgja Lóni upp á Holtið. Á Lóni hefst svo aðlögun 16. ágúst en þar verða 15 börn næsta skólaárið.

Lón – 12 börn fædd 2019 og 3 börn fædd 2020. – Heiða deildarstjóri

Holt – 18 fædd 2018 og 5 börn fædd 2019 (hafa öll verið í leikskóla) – Ásta deildarstjóri


Vík – 12 börn fædd 2016 og 23 börn fædd 2017 – Hafrún deildarstjóri



Starfsmannahald deilda verður upplýst þegar allt er frágengið.

Sumarafleysingar

Ylfa er komin inn aftur í 100 % starf og tengist Holtinu að mestu. **Dagný Hauksdóttir** (Lón) og **Arnar Már Kárasón** (Vík) eru komin inn í sumarafleysingar. Við bjóðum þau velkomin. Síðan verður **Helena Rós Sævarsdóttir** starfsmaður í starfsátaki bæjarins fyrir 18 ára og eldri og þá koma tveir unglingar úr Vinnuskólanum sem bætast við hópinn sem aðstoðarfólk.



Tilkynningar um fjarvistir barna

Gott væri að foreldrar létu vita ef börnin eru í fríi dag og dag þannig að ekki sé verið að bíða eftir þeim áður en haldið er af stað í vettvangsferðir eða annað skipulagt starf í júní.

Alltaf gott að vita um mætinguna 😊

